

12 daga. Með þessari breytingu ber þannig að staðfesta bæjarþingsdóminn, einnig málskostnaðar-ákvæði hans. Svo verður og eftir kröfu gagnáfrýjanda að dæma dauð og ómerk framantalin meiðandi og móðgandi ummæli aðaláfrýjanda, og eftir þessum úrslitum verður hann að greiða málskostnað fyrir yfirdóminum, sem ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi W. Ó. Breiðfjörð greiði 50 kr. sekt til landssjóðs eða sæti 12 daga einföldu fangelsi, sé öll sektin ekki greidd í ákveðinn tíma. Hin óvirðandi og móðgandi ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað á að vera óraskað. Áfrýjandinn W. Ó. Breiðfjörð greiði gagnáfrýjanda, Sigfúsi Eymundssyni, 15 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 33/1900:

Valdimar Ásmundsson
gegn
Davíð Östlund.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í héraði hinn stefndi prentsmiðjueigandi Davíð Östlund gegn áfrýjandanum, ritstjóra blaðsins Fjallkonunnar, Valdimar Ásmundssyni, fyrir meiðyrði um sig í grein í téðu

blaði, 23. tölubl. 17. árg. þess, með fyrirsögn: »Afturför í bókagerð og prentiðn«, sem áfrýjandinn hefir kannast við að bera ábyrgð á, en nefnt tölubl. kom út 16. júní f. ár, og var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 6. sept. f. á. með þeim úrslitum, að nokkur ummæli í téðri grein voru dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandinn dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 6 daga einfalt fangelsi, og í málskostnað skyldi hann greiða stefnda 10 krónur.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 22. sept. f. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að verða algjörlega sýknaður af kærnum og kröfum stefnda í málinu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum dómum að skaðlausu. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Ummæli þau í ofan nefndri grein, sem geta komið til álita í yfirdóminum eins og málið liggur þar fyrir, eru þessi: »Hún sýnir . . . að Östlund fer með vísitandi ósannindi, þar sem hann ber séra Friðrik fyrir því, að þar (í bifliunni) séu engar mótsagnir«; og »Er mér nær að halda að guðsmaðurinn sé meira eða minna sekur við öll þessi bodorð (nefnilega: hvað satt er og sómasamlegt, hvað réttvíst er, hvað skirlíft er, hvað elskuvert er eða gott afspurnar, hvað dygðugt er, hvað lofsvert er, gefið því gaum) í þessu riti sínu, nema

eg get þó undantekið eitt — skírlifið; það er satt; klám hefir hann ekki skrifað; það má hann eiga«. Í hinni fyrtöldu málsgrein eru orðin: »vísvitandi ósannindi« meidyrði, sem varða við lög, því að þó að áfrýjandi hafi sýnt fram á rangfærslu hjá stefnda í tilvitnun hans til skoðunar annars manns, var áfrýjanda þó óheimilt að segja, að stefndi færi þar með vísvitandi ósannindi. Það verður því að fallast á það, að orð þessi eru í hinum áfrýjanda dómi dæmd dauð og ómerk, en þar sem stefndi hefir eigi gagnáfrýjað málinu, verður áfrýjandi eigi dæmdur í sekt fyrir þessi meidyrði, sem undirdómarinn hefir eigi álitid hegningarverð. Í hinni síðari málsgrein er það ærumeiðandi fyrir stefnda, að segja, að sér (áfrýjanda) sé nær að halda, að hann (stefndi) sé í riti sinu (Frækorni) meira eða minna sekur við boðorðin, að gefa því gaum hvað satt er og sómasamlegt o. s. frv., og með því að áfrýjandi hefir eigi réttlætt ummæli þessi um stefnda, ber eins og undirdómarinn hefir gjört, að dæma ummælin dauð og ómerk, og verður áfrýjandi að sæta sekt fyrir þau, er samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga þykir eigi of hátt metin 20 krónur, en í stað sektarinnar komi, ef hún er eigi öll greidd í tæka tíð, 4 daga einfalt fangelsi. Málskostnaðarákvæði hins áfrýjanda dóms samþykkjast einnig, og ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn að öðru leyti en að því er vararefsinguna áhrærir. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó þannig, að vararefsingin ákveðst 4 daga einfalt fangelsi. Áfrýjandinn, Valdimar Asmundsson, greiði stefnda Davíð Östlund í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 28/1900: Hannes Thorsteinsson fyrir hönd
Thor E. Tulinius stórkaupmanns
gegn
Benedikt S. Þórarinssyni.

D ó m u r:

Mál þetta var í héraði höfðað af áfrýjandanum cand. jur. Hannesi Thorsteinson fyrir hönd stórkaupmanns Thor E. Tulinius í Kaupmannahöfn, gegn stefnda kaupmanni í Reykjavík Benedikt S. Þórarinssyni, til innheimtu á skuld að upphæð 80 kr. 11 a., er Tulinius, er hafði verið verzlunarerindreki stefnda árið 1898, taldi sig eiga ógreidda hjá stefnda frá þeim viðskiftum. Var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 8. febrúarmán. f. á. með þeim úrslitum, að stefndi var dæmdur til að greiða áfrýjanda 74 kr. 82 a. með 6% vöxtum frá 1. júlí 1899 til borgunardags, og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 4. ág. f. á., og krafist